



Stéttarfélag Vesturlands  
Sæunnargata 2a, Borgarnesi  
Sími: 430 0430, [www.stettvest.is](http://www.stettvest.is)

Stéttarfélag Vesturlands er aðili að eftirtöldum landssamböndum: Starfsgreinasambandi Íslands (SGS), Samiðn og Landsambandi íslenskra verslunarmanna (LÍV), auk Alþýðusambands Íslands (ASÍ).

Innan félagsins starfa fimm deildir: Iðnsveinadeild, deild verslunar- og skrifstofufólks, matvæla-, flutninga- og þjónustudeild, iðnaðar- mannvirkja- og stóriðjudeild og deild starfsfólks hjá ríki og sveitarfélögum.

Félagssvæði félagsins er frá botni Hvalfjarðar til botns Gilsfjarðar í vestri fyrir utan norðanvert Snæfellsnes.

Stéttarfélögin hafa með starfi sínu tryggt launafólki kjör og réttindi sem eru allt önnur og betri en áður var. Saman hafa þau frá upphafi verið leiðandi í uppbyggingu velferðarkerfisins og berjast sífellt fyrir bættu samfélagi með hagsmuni launafólks og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

**Ef þig vantar upplýsingar um réttindi þín, ekki hika við að hafa samband við félagið.**

Vesturland Trade Union is a member of following association: Starfsgreinasamband Íslands (SGS), Samiðn and Landsamband íslenskra verslunarmanna (LÍV) and also Alþýðusamband Íslands (ASÍ).

The union has the following departments: Industrial Department – Samiðn, Department for commercial and office workers – LÍV, Department for government and municipality employees – SGS, Department for food, transport and service – SGS, and Department for industry, building and heavy industry – SGS.

The union area of operation is from the bottom of Hvalfjörður to the bottom of Gilsfjörður except the northern part of Snæfellsnes.

Through their work, trade unions have secured terms of employment and rights that are quite different and much better than the former times. From the outset, they have been leaders in developing the welfare system and in fighting continuously for a better community with the interests of wage earners and their families as the guiding light.

**If you need information about your rights don't hesitate to contact your union.**

# ERT ÞÚ AÐ HUGA AÐ STARFSÞRÓUN?

Þrjár leiðir til að sækja um styrk í  
starfsmenntasjóði VR/LÍV

## Leið 1

### Einstaklingur sækir um styrk

#### UMSÓKN

Sótt er um á Minum síðum á vris.

#### REIKNINGUR

Greiddur reikningur verður að vera á nafni þess sem sækir um og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

#### UPPLÝSINGAR

Lýsing á námi skal fylgja með umsókn ef óljóst er hvers konar nám/námскеið sótt er um.

#### GREIÐSLA

Styrkur greiddur inn á reikning félagsmanns að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Veittur styrkur er 90% af reikningi vegna náms, starfstengdu námskeiðsgjaldi eða ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er 130.000 kr. og 390.000 kr. þegar félagsmaður á rétt á uppsöfnun.

Veittur styrkur af tómstundanámskeiði er 50% að hámarki 30.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.

ATH: tómstundastyrkur hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

Veittur ferðastyrkur vegna náms/starfstengdra námskeiða er 50% að hámarki 40.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.

## Leið 2

### Fyrirtæki sækir um styrk

#### UMSÓKN

Sótt er um á attin.is

#### REIKNINGUR

Greiddur reikningur verður að vera á nafni fyrirtækis og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

#### UPPLÝSINGAR

Lýsing á námi skal fylgja með umsókn og listi starfsmanna sem sóttu námið/námскеiðið (nafn-kennitala-stéttarfélagssáðild).

#### GREIÐSLA

Styrkur greiddur inn á reikning fyrirtækis að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Veittur styrkur er 90% af reikningi vegna náms, starfstengdu námskeiðsgjaldi eða ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er 130.000 kr. fyrir hvern starfsmann.

Hámarksstyrkur til fyrirtækja er kr. 3 milljónir á ári.

## Leið 3

### Sameiginlegur styrkur einstaklings og fyrirtækis

#### KOSTNAÐUR

Nám verður að kosta að lágmarki 200.000 kr.

#### REIKNINGUR

Það skiptir ekki máli á hvoru nafni greiddur reikningur er, hvort það er fyrirtækið eða félagsmaður.

#### UMSÓKN

Félagsmaður sækir um styrkinn á Minum síðum á vris og gildir sú umsókn einnig vegna styrks fyrirtækisins og þarf því ekki að senda inn sér umsókn fyrir fyrirtækið. Yfirlýsing frá fyrirtækinu verður að fylgja með þar sem fram kemur um að sé að ræða sameiginlega umsókn og að námið sé hluti af starfsþróunaráætlun félagsmannsins.

#### AFGREIÐSLA

Við samþykkt umsóknar dregst styrk-upphæðin af rétti beggja. Miðað er við 50/50 en ef félagsmaður á rétt á uppsöfnun þá er uppsöfnunin nýtt fyrst og svo réttur fyrirtækis.

#### ÚTBORGUN

Styrkupphæð greiðist inn á reikning beggja.

#### UPPHÆÐ STYRKS

Samanlagður styrkur er 90% af námsgjaldi – hámark 260.000 kr. eða 520.000 kr. þegar félagsmaður á rétt á uppsöfnun.

# ENGIN KEÐJA ER STERKARI EN VEIKASTI HLEKKURINN!

Stéttarfélag Vesturlands auglýsir hér með eftir áhugasömum félagsmönnum til að gegna hinum ýmsu trúnaðarstöðum fyrir félagið.

Félaginu er skipt í fimm deildir og hver þeirra hefur sérstaka stjórn. Iðnsveina-deildin hefur þriggja manna stjórn og tvo til vara. Deildir verslunar- og skrifstofufólks, Matvæla, flutninga- og þjónustu, Iðnaðar, mannvirkja- og stóriðju og Deild starfsfólks hjá ríki og sveitarfélögunum hafa fimm manna stjórnir og tvo til vara. Samtals eru þetta 33 einstaklingar. Formenn deildanna eiga sæti í aðalstjórn félagsins ásamt 6 öðrum, sem kosnir eru til tveggja ára, þrír og þrír á lista annað hvert ár.

Auk þessara trúnaðarstarfa eru trúnaðarmenn á vinnustöðum sem kosnir eru til tveggja ára og alltaf vantar okkur trúnaðarmenn á einhverja vinnustaði. Einnig þarf að manna ýmsar nefndir og ráð eins og stjórnir orlofs- og sjúkrasjóðs, fulltrúaráð Festu lífeyrirssjóðs o.fl.o.fl..

Í félaginu starfar uppstillingarnefnd sem hefur það hlutverk að koma með tillögur til stjórnarkjörs og leggja fyrir trúnaðarráðið. Nú hefur uppstillingarnefnd í raun fengið meira hlutverk, þ.e. að auglýsa eftir fólki og halda utan um lista yfir fólki sem tilbúið er að koma til starfa fyrir félagið.

Efirtaldir aðilar eru í uppstillingarnefnd:

Jakob Hermannsson	gsm. 690 0617	netfang: thursaberg@gmail.com
María Hrund Guðmundsdóttir	gsm. 849 2835	netfang: majahrund@simnet.is
Magnús Már Haraldsson	gsm. 847 8394	netfang: maggimh87@gmail.com

Áhugasömum félagsmönnum er bent á að hafa beint samband við nefndarmenn eða senda póst á [stettvest@stettvest.is](mailto:stettvest@stettvest.is). Frestur til að bjóða fram krafta sína með þessum hætti er til 31.des. 2022, eftir það fer uppsstillingarnefnd að vinna að uppstillingu.

*Uppstillingarnefnd Stéttarfélags Vesturlands*



**IÐAN**  
fræðslusetur



**Landsmennt**  
Styrkur þinn til náms

Guðrúnartún 1 • 105 Reykjavík • Sími 599 1450 • landsmennt@landsmennt.is



**Ríkismennt**  
Menntun skapar tækifæri

Guðrúnartún 1 • 105 Reykjavík • Sími 599 1450 • rikismennt@rikismennt.is



**Sveitamennt**  
Leið þin til fræðslu

Guðrúnartún 1 • 105 Reykjavík • Sími 599 1450 • sveitamennt@sveitamennt.is



Á heimasíðunni okkar er að finna allar upplýsingar  
um Mennta, Sjúkra- og Orlofssjóð

[www.stettvest.is](http://www.stettvest.is)